

Ár 2007, fimmtudaginn 7. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að skera úr um hvort heyra skuli undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör sendifulltrúa

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttáð um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands samkvæmt 1. gr. laga nr. 10/1990 um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 3. gr. laga um kjararáð. Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 4. gr. laganna. Fullskipað kjararáð sker úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara samkvæmt 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir, sbr. 5. gr. laga um kjararáð. Í ákvæði til bráðabirgða segir að allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar, samkvæmt lögum nr. 120/1992, þegar lög in um kjararáð tóku gildi, skyldu sæta kjaraákvörðunum þess þar til kjararáð hefði ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skyldi framvegis ná, út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skuli ráðast með kjarasamningum þar sem því verður við komið. Sendifulltrúar heyrðu undir úrskurðarvald kjaranefndar og heyra því undir kjararáð samkvæmt fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði.

II.

Kjararáð hefur ákveðið að taka til skoðunar hvort áfram skuli heyra undir ráðið að ákveða laun og starfskjör sendifulltrúa. Með bréfum dagsettum 16. mars 2007 gaf kjararáð utanríkisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og öllum sendifulltrúum kost á að koma sjónarmiðum á framfæri vegna málsins. Jafnframt var ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins boðið að koma á fund kjararáðs.

Í svari utanríkisráðuneytisins dagsettu 16. apríl 2007 sagði að sendifulltrúar gegndu mjög mikilvægum og ábyrgðarmiklum störfum á sendiskrifstofum Íslands erlendis og gætu á grundvelli Vínarsamningsins um stjórnmalasamband, sbr. lög nr. 16/1971 veitt sendiskrifstofu forstöðu. Nokkur dæmi væru um forstöðu sendifulltrúa fyrir sendiskrifstofu og mætti þar nefna að sendiráð Íslands, sem jafnframt er fastanefnd hjá Alþjóðamatvælastofnuninni, væri undir stjórn sendifulltrúa nú. Sem staðgenglar sendiherra bæru sendifulltrúar í mörgum tilvikum daglega ábyrgð á rekstri viðkomandi sendiskrifstofu og færu þá með starfsmannamál annarra starfsmanna í samráði við sendiherra og yfirstjórn utanríkisþjónustunnar. Almennt væru varafastafulltrúar Íslands hjá alþjóðastofnunum úr hópi sendifulltrúa og í hlut þeirra flestra félli að taka þátt í að stýra rekstrar- og starfsmannamálum viðkomandi stofnunar. Í ljósi þess að kjararáð hafi nú einnig til skoðunar hvort heyra skuli undir ráðið að ákveða áfram launakjör skrifstofustjóra vildi ráðuneytið minna á að staða sendifulltrúa í utanríkisþjónustunni væri, með vísan til 8. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands, lögð að jöfnu við stöðu skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu. Nú væru fjórir af níu skrifstofustjórum í utanríkisráðuneytinu úr hópi sendifulltrúa, fjórir kæmu úr hópi sendiherra og einn væri skipaður í embætti skrifstofustjóra sem slíkur. Eðli málsins samkvæmt væri erfitt fyrir innra skipulag ráðuneytisins ef ólíkar reglur ættu að gilda um kjaraákvæðanir starfa sem innan skipulags ráðuneytisins væru lögð að jöfnu. Í þessu samhengi mætti ennfremur benda á að það væri ekkert sem útilokaði að sendifulltrúi sem gegndi starfi

skrifstofustjóra í ráðuneytinu væri yfirmaður eins eða fleiri sendiherra. Í ljósi framangreinds teldi utanríkisráðuneytið að samningsstaða skrifstofustjóra og sendifulltrúa í utanríkisþjónustunni og eðli starfa þeirra væri þannig að kjörin gætu ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins kom á fund kjararáðs 30. apríl 2007 og ítrekaði sjónarmið ráðuneytisins.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins dagsettu 16. apríl 2007 sagði að eðli starfa sendifulltrúa og samningsstaða þeirra væri ekki með þeim hætti að laun þeirra og starfskjör gætu ekki ráðist af samningum á venjubundinn hátt.

Kjararáði bárust bréf frá tveimur sendifulltrúum dagsett 2. og 3. apríl 2007. Báðir töldu þeir að kjararáð ætti áfram að ákveða laun og starfskjör sendifulltrúa. Í bréfinu sem dagsett er 2. apríl 2007 sagði að sendifulltrúar væru flokkaðir sem embættismenn samkvæmt 2. tl. 22. gr. laga nr. 70/1996. Áður en kjararáði (áður kjaranefnd) hefði verið falið að ákveða launakjör sendifulltrúa og sendiherra í utanríkisþjónustunni hefði verið samkomulag um að störf sendifulltrúa væru algjörlega sambærileg að umfangi og ábyrgð og störf þeirra aðila í öðrum ráðuneytum sem hefðu starfsheitið skrifstofustjóri. Sendifulltrúar væru í reynd að sinna störfum skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu og vegna eðlis og uppbyggingar utanríkisþjónustunnar gerðu þeir það líka á starfsstöðvum erlendis. Sendifulltrúar væru ýmist staðgenglar sendiherra á starfsstöðvum erlendis með mismikil mannaforráð og ábyrgð, allt eftir stærð sendiráða, eða í störfum skrifstofustjóra eða sambærilegum stöðum hér heima. Í tölvubréfi dagsettu 21. maí 2007 sagði sami bréfitari að sendifulltrúar væru mjög fámenn stétt sem dreifðist um víða veröld á yfir 20 vinnustöðvar/sendiskrifstofur. Vinnutími, sérstaklega erlendis, væri með þeim hætti að þeir ættu ekki samleið með öðrum starfsmönnum ríkisins. Gætu þeir ekki nýtt verkfallsrétt. Verði því ekki annað séð en að eðli starfa sendifulltrúa væri með þeim hætti að erfitt gæti reynst fyrir þá að vera í kjarabaráttu. Í bréfinu sem dagsett er 3. apríl 2007 sagði að ekki væri við hæfi að varafastafulltrúar Íslands í Genf og Brussel, sem jafnan væru sendifulltrúar, stæðu í kjaraviðræðum við íslensk stjórnvöld. Hluti af störfum þeirra væri að sjá um fjármál og rekstur EFTA stofnananna þriggja. Í því fælist meðal annars að sinna formennsku í fjárlaganefnd EFTA sem fjallaði um og gerði tillögur um laun og starfskjör starfsmanna stofnananna fyrir hönd íslenska ríkisins og annarra EFTA ríkja. Þegar laun og starfskjör þessara starfsmanna væru ákveðin væri að jafnaði gerður samánburður við starfskjör starfsmanna utanríkisþjónustu EFTA ríkjanna. Væri því æskilegt að kjararáð ákvæði laun og starfskjör þessara fulltrúa Íslands til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur. Þá væri starfsmannastjóri utanríkisþjónustunnar sendifulltrúi og væri launaákvörðun hans ekki í höndum kjararáðs gæti hann komið sér í þá stöðu að hafa bein áhrif á eigin starfskjör.

III.

Eins og áður segir ákveður kjararáð samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 47/2006 laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. laganna og svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. sömu laga.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 47/2006 um kjararáð segir að meginreglan á vinnumarkaði, hvort sem er hjá hinu opinbera eða einkaaðilum, hljóti að vera samningsfrelsi og að laun og starfskjör séu ákveðin í frjálsum samningum. Undantekninguna sem löggin mæli fyrir um verði að skýra þröngt. Í 4. gr. komi fram hverjir aðrir en æðstu handhafar ríkisvaldsins, sbr. 3. gr. skuli heyra undir löggin. Meginreglan sé sú að það séu þeir embættismenn og ríkisstarfsmenn sem svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða misvægis samningsstöðu. Við mat á því hverjir falli undir ákvæði 4. gr. sé eðlilegt að horfa til þess annars vegar hverjir gegna störfum sem ekki mega falla niður í verkföllum og hins vegar hverjir gegna störfum sem fela í sér fyrisvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum. Þá hefur löggjafinn í bráðabirgðaákvæði laga nr.

47/2006 ítrekað þá almennt viðurkenndu meginreglu, að kjör manna séu ákveðin í kjarasamningum eftir því sem við verður komið.

Sendifulltrúar eru embættismenn samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 40. gr. sömu laga er embættismönnum óheimilt að efna til eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Í 2. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna segir að heimild til verkfalls nái ekki til starfsmanna Alþingis og stofnana þess, svo og starfsmanna á skrifstofu forseta Íslands og í Stjórnarráði, þar með talinna starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Sendifulltrúar hafa því ekki verkfallsrétt.

Í 6. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands segir að forstöðumenn sendiráða séu sendiherrar eða sendifulltrúar. Í 18. gr. sömu laga segir að utanríkisráðherra setji almennar starfsreglur fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar og ákveði starfs svið þeirra. Starfsmönnum utanríkisþjónustunnar er skipt í flokka samkvæmt 8. gr. laganna, og er ráðuneytisstjóra og sendiherrum skipað í 1. flokk en í 2. flokki eru sendifulltrúar ásamt skrifstofustjóra og aðalræðismönnum. Í bréfum málsaðila sem rakin eru í kafla II hér á undan eru störf sendifulltrúa lögð að jöfnu við störf skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu og telja þeir því eðlilegt að ákvörðun um laun þeirra sé einnig hjá kjararáði. Kjararáð hefur í úrskurði dagsettum í dag komist að þeirri niðurstöðu að ekki heyri undir það að ákveða laun og starfskjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði og eiga áður nefnd rök því ekki við lengur. Sá úrskurður var meðal annars byggður á þeim rökum að skrifstofustjórar starfi undir umsjón ráðuneytisstjóra og þrátt fyrir að sumir þeirra eigi þátt í ákvörðunum um starfsmannamál feli starfið ekki í sér fyrirsvaer fyrir ríkið í kjaramálum. Sama á við um sendifulltrúa. Þrátt fyrir að þeir geti átt þátt í ákvörðunum um starfsmannamál felur starf sendifulltrúa ekki í sér fyrirsvaer fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn um kjaramál. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða kjararáðs að störf sendifulltrúa séu ekki þess eðlis að heyra skuli undir það að ákveða laun og starfskjör þeirra.

IV.

Úrskurðarorð

Ákvörðun launa og starfskjara sendifulltrúa heyrir ekki undir kjararáð.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir